

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 10. maí 2013 í máli nr. S-940/2012:

Sérstakur saksóknari

(Matthea Oddsdóttir ftr.)

gegn

Einari Inga Sigurbergssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

I

Mál þetta, sem var dómtekið 12. apríl sl., er höfðað með ákæru útgefinni af sérstökum saksóknara 21. nóvember 2012 á hendur Einari Inga Sigurbergssyni, kt. [...],[...],[...] fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum sem framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi einkahlutafélagsins E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf., Fiskislóð 45, Reykjavík, með því að hafa ekki staðið skil á skilagreinum einkahlutafélagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna greiðslutímabilanna september til og með desember rekstrarárið 2009 og janúar til og með desember rekstrarárið 2010 og hafa ekki staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna sömu greiðslutímabila, samtals að fjárhæð 46.035.824 krónur, sem sundurliðast sem hér greinir:

Greiðslutímabil staðgreiðsla	Vangoldin	Greiðslutímabil staðgreiðsla	Vangoldin
<u>Árið 2009</u>		<u>Árið 2010</u>	
september	6.049.224 krónur	janúar	4.272.881 króna
október krónur	5.887.295	febrúar	9.323.548 krónur
nóvember krónur	6.600.952	mars	4.615.768 krónur
desember	<u>6.787.422 krónur</u>	apríl króna	323.391
	25.324.893	maí	334.809 krónur
krónur		júní	368.663 krónur
		júlí	480.369 krónur
		ágúst	245.996 krónur
		september	181.803 krónur
		október krónur	181.803
		nóvember	181.803 krónur
		desember	<u>200.097 krónur</u>
			20.710.931 króna
		Samtals	
		<u>46.035.824 krónur</u>	

Framangreind brot ákærða eru talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði neitar sök og krefst aðallega frávísunar málsins en til vara sýknu. Til þrautavara krefst ákærði þess að hann verði sýknaður af þeirri háttsemi að hafa ekki staðið skil á skilgreinum á lögmæltum tíma. Komi til sakfellingar krefst ákærði vægustu refsingar og að sekt verði ekki dæmd jafnhliða fangelsisrefsingu sem

krafist er að verði bundin skilorði. Loks er þess krafist að málsvarnarlaun verði greidd úr ríkissjóði.

II

Skattrannsóknarstjóri ríkisins vísaði málinu til embættis sérstaks saksóknara með bréfi dagsettu 8. júní 2012. Var það gert á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins á skilum E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. á afdreginni staðgreiðslu. Liggur fyrir skýrsla um rannsóknina sem dagsett er 7. nóvember 2011 og tekur til rekstraráranna 2009 og 2010.

Í bréfi skattrannsóknarstjóra kemur fram að tilefni rannsóknarinnar hafi verið athugun á skilum afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda. Rannsóknin hafi hafist 5. september 2011 með því að tilkynning var send skiptastjóra þrotabús skattaðila. Tekið var fram að rannsóknin hafi beinst að skilum félagsins á afdreginni staðgreiðslu vegna greiðslutímabilanna september til og með desember rekstrarárið 2009 og janúar til og með desember rekstrarárið 2010. Bú E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 3. maí 2011. Skiptum lauk 18. janúar 2012 og var félagið afskráð 8. febrúar sama ár.

Ákærða var tilkynnt um lok rannsóknar hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins og um fyrirhugaða ákvörðunartöku um refsimeðferð með bréfi dagsettu 8. nóvember 2011. Í áðurnefndri skýrslu Skattrannsóknarstjóra kemur fram að vanrækt hafi verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs, innan lögboðins frests, skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. vegna áðurnefndra greiðslutímabila. Þá segir að rannsóknin hafi leitt í ljós að vanrækt hafi verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs, á lögmæltum tíma, skil á skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda vegna allra greiðslutímabila, það er frá og með september 2009 til og með desember 2010.

Með bréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins, dagsettu 8. júní 2012, var ákærða tilkynnt að málinu hefði verið vísað til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara og að forræði málsins og allar ákvarðanir um áframhaldandi refsimeðferð verði eftir það í höndum sérstaks saksóknara. Tekin var skýrsla af ákærða hjá sérstökum saksóknara 17. október 2012 og var ákæra gefin út í málinu 21. nóvember 2012.

Málið var þingfest 6. desember 2012. Ákærði mætti ekki við þingfestingu málsins og var málinu því frestað vegna fjarveru ákærða sem býr og starfar í Noregi. Ákærði mætti við næstu fyrirtöku 16. janúar 2013 og neitaði sök í málinu. Aðalmeðferð málsins var ákveðin 6. mars síðastliðinn en fór ekki fram þá vegna ófærðar sem leiddi til þess að hvorki ákærði né skipaður verjandi hans gátu mætt til þinghaldsins. Aðalmeðferð málsins fór fram 12. apríl síðastliðinn.

III

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Hann kvaðst hafa haft litla aðkomu að rekstri félagsins E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf., hann hafi dvalið erlendis og ekki séð um reksturinn. Ákærði kvaðst hafa kynnt sér hvaða skyldur fylgdu því að sitja í stjórn einkahlutafélags og vera framkvæmdastjóri slíks félags. Hann kvaðst hafa lagt ríka áherslu á það að skilagreinum yrði skilað svo og sköttum og gjöldum. Ákærði kvaðst hafa hætt afskiptum af félaginu haustið 2009 og orðið það ljóst sumarið 2010 að sköttum og gjöldum hefði ekki verið skilað. Ákærði bar að hann hefði ekki séð skilagreinar vegna staðgreiðslu en kannaðist við nöfn starfsmanna á skrá yfir launamenn félagsins og staðfesti að um launagreiðslur til þeirra væri að ræða. Skilagreinar hefði hann fyrst séð eftir að rannsókn málsins hófst, en Sigurður Guðjónsson, fjármálastjóri félagsins, hefði útbúið skilagreinar og séð um launagreiðslur til starfsmanna. Ákærði vissi ekki hvers vegna skilagreinum staðgreiðslu hefði ekki verið skilað á lögmæltum tíma, en kvað Sigurð Guðjónsson bera ábyrgð á því. Ákærði bar að hann hefði ítrekað rekið á eftir því að það yrði gert. Fyrir dóminum staðfesti ákærði framburð sinn í málinu hjá lögreglu 17. október 2012 og undirritun undir lögregluskýrslu. Þá staðfesti ákærði einnig undirritun sína undir tilkynningu um stofnun einkahlutafélagsins E & S Hönnun og ráðgjöf, stofnskrá og samþykktir félagsins.

Vitnið Sigurður Guðjónsson gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið kvaðst hafa verið ráðinn til starfa á skrifstofu E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. og unnið þar frá september 2009 til áramóta 2010-2011 við launaútreikning, útborgun launa og innkaup. Einnig kvaðst vitnið hafa séð um bókhaldsgögn félagsins og fært bókhald þess að nokkru leyti. Vitnið kvaðst hafa skilað skilagreinum um afdregna staðgreiðslu. Hann hafi ekki haft prókúru fyrir félagið en getað greitt reikninga. Hafi starfinu verið stýrt af ákærða og Vilhjálmi Þór Vilhjálmsyni sem hefðu stýrt félaginu og gefið vitninu fyrirmæli um greiðslur skulda. Vitnið taldi að ákærði hefði vitað um stöðuna hjá félaginu og gert sér grein fyrir henni. Enn fremur kom fram hjá vitninu að 3-4 starfsmenn sem voru á launaskrá hjá E & S Hönnun og ráðgjöf ehf. hefðu verið að vinna fyrir Vilhjálmi Þór Vilhjálmsyni og bar vitnið að ákærði hefði vitað af því og samþykkt það. Vitnið kvaðst hafa litið á ákærða sem framkvæmdastjóra félagsins.

IV

Við munnlegan flutning málsins krafðist ákærði þess að málinu yrði vísað frá dómi þar sem fram hefði komið hjá vitninu Sigurði Guðjónssyni að hann hefði fært á launaskrá hjá félaginu E & S Hönnun og ráðgjöf ehf. kostnað af mannahaldi óskyldra aðila án staðfestingar eða samþykkis ákærða. Vísaði verjandi ákærða til þess að vitnið hefði upplýst að hluti starfsmanna er málið varði hafi ekki verið starfsmenn E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. en hafi verið færðir á launaskrá félagsins fyrir tilstuðlan Vilhjálms Þórs Vilhjálmsynar. Samkvæmt þessu sé verið að færa rekstur óviðkomandi aðila inn á rekstur E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. án vitundar ákærða sem leiði til þess að sakarefni málsins á grundvelli rannsóknar sé ekki ákæruhátt. Sættu þessi sjónarmið ákærða andmælum. Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram að hann kannaðist bæði við nöfn einstaklinga á skrá yfir launamenn E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. og að tilgreindar fjárhæðir þar væru laun starfsmanna félagsins. Með vísan til þess er frávísunarkröfu ákærða hafnað enda eiga sjónarmið þau sem byggt er á enga stöð í gögnum málsins.

Í málinu er ákærða gefið að sök meiriháttar brot gegn skattalögum með því að hafa eigi staðið skil á skilagreinum einkahlutafélagsins E & S Hönnunar og ráðgjafar vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma, vegna greiðslutímabilanna september - desember rekstrarárið 2009 og janúar - desember rekstrarárið 2010 og fyrir að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, sem haldið var eftir af launum starfsmanna félagsins vegna sömu greiðslutímabila, samtals að fjárhæð 46.035.824 krónur.

Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa haft litla aðkomu að rekstri félagsins vegna þess að hann hefði dvalið erlendis. Hann kvaðst þekkja þær skyldur sem fylgja því að sitja í stjórn einkahlutafélags og vera framkvæmdastjóri félags. Ákærði kannaðist við nöfn þeirra launamanna sem voru á skrá félagsins yfir launamenn en kvað Sigurð Guðjónsson, sem hann kvað hafa gegnt starfi fjármálastjóra, hafa reiknað út laun starfsmanna og séð um að útbúa skilagreinar fyrir afdregna staðgreiðslu af launum. Sigurður hafi átt að standa skil á slíkum skilagreinum og hafi ákærði ítrekað hvatt til þess að það yrði gert á réttum tíma. Þótt ákærði hafi þannig falið öðrum að annast launagreiðslur og greiðslu skatta og gjalda til ríkissjóðs þá leysir það ákærða ekki undan þeirri ábyrgð sem hvílir að lögum á honum.

Samkvæmt 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög fer félagsstjórn með málefni félags og bera stjórnarmenn einkahlutafélaga almennt ábyrgð á því að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, þar með talið að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Þá skal framkvæmdastjóri einkahlutafélags, sé hann ráðinn, sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur. Ákærði var stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. frá 1. júlí 2008 og þar til félagið var úrskurðað gjaldþrota.

Vegna stöðu ákærða sem stjórnarmanns og framkvæmdastjóra E & S Hönnunar og ráðgjafar ehf. hvíldi á honum rík skylda samkvæmt ákvæðum 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og bar ákærða að annast daglegan rekstur og sjá til þess að starfsemi félagsins væri í réttu og góðu horfi. Í því fólst sú skylda ákærða að sjá til þess og tryggja að staðin væru skil á skilagreinum félagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna þeirra greiðslutímabila sem um ræðir á rekstrarárunum 2009 og 2010 og tryggja auk þess að ríkissjóði yrðu staðin skil á staðgreiðslu þeirra opinberra gjalda, samkvæmt fyrirmælum í III. kafla laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna félagsins.

Varnir ákærða lúta einkum að því að vitnið Sigurður Guðjónsson hafi borið þær starfskyldur hjá félaginu að skila skilagreinum staðgreiðslu á réttum tíma og standa ríkissjóði skil á afdreginni staðgreiðslu af launum starfsmanna hjá E & S Hönnun og ráðgjöf ehf. Hvað sem líður starfsskyldum vitnisins er ljóst að ákærði var stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins og verður ekki litið fram hjá því að lögum samkvæmt hvíldu á honum tilteknar skyldur framkvæmdastjóra einkahlutafélags, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Ákærða var ljóst að með því að vera framkvæmdastjóri félagsins tæki hann á sig tilteknar skyldur sem hann hefur kannast við fyrir dómi og eins og áður er rakið. Í þeim skyldum fólst meðal annars að sjá til þess að staðin séu skil á afdreginni staðgreiðslu og skýrslum þar um. Samkvæmt þessu er ekki með nokkru móti unnt

að fallast á það að sýkna beri ákærða vegna þess að nafngreindur starfsmaður hafi verið ráðinn til félagsins í september 2009 og haft þær skyldur sem um ræðir. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærinni og eru brot hans, sem voru fullframin á eindaga skilaskyldu, rétt heimfærð til refsíákvæða og teljast meiri háttar í skilningi 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga þegar litið er til þeirrar fjárhæða sem um ræðir.

Ákærði er fæddur í júní 1958. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur hann ekki sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess að um er að ræða háa fjárhæð. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1995.

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005 verður ákærði jafnframt dæmdur til að greiða 92.100.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi 12 mánaða fangelsi í stað sektarinnar greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Með vísan til 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er ákærða gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 602.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Taka málsvarnarlaunin til vinnu verjanda á rannsóknarstigi málsins og við meðferð málsins fyrir dómi. Annan sakarkostnað leiddi ekki af málinu.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir saksóknarfulltrúi.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Ingi Sigurbergsson, sæti fangelsi í 10 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar ákærða og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1995.

Ákærði greiði 92.100.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi 12 mánaða fangelsi í stað sektarinnar greiðist hún ekki innan fjögurra vikna.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 602.400 krónur.

Jón Höskuldsson

